

Heiðmörk

Árleg hreinsun í trjáreit Skaftfellingafélagsins í Heiðmörk verður laugardaginn 16. maí og hefst kl. 11. Stjórn Skaftfellingafélagsins hefur skipað fjögurra manna Heiðmerkurnefnd til að gera tillögur að skipulagi svæðisins. Hana skipa Skaftfellingarnir Svavar M. Sigurjónsson, Ingibjörg Ingimundardóttir, Aðalsteinn Sigurgeirsson og Kristján Bjarnason.



Ljós. Sólveig Guðlaugsdóttir

Myndakvöld

Fimmtudagskvöldið 26. febrúar verður myndasýning í Skaftfellingabúð. Sýndar verða myndir úr Skaftafells-sýslum frá Snorra Snorrasyni flugstjóra og sonum hans Jóni Karli og Hauki. Þá verða sýndar myndir frá Sigurði á Hofnesi og fleirum. Einnig sýnir Kristinn Kjartansson myndir úr Vestur Skaftafellssýslu. Seldar verða léttar veitingar í hléi.



Ljós. Haukur Snorrason

Þessi stórskemmtilega mynd er af Páli Stefánsyni á Hnappavöllum í steypuvinnu árið 1977. Til vinstri sést Sigurður Gunnarsson á Lækjarhúsa Deutzinum sem var vinsæll í steypuvinnu og var eina gálgavélin í Öræfum með vökvastýri á þeim tíma.



Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

1. tbl. janúar 2009

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

• **Íslandsmeistaramót í Hornafjarðarmanna Undankeppni í Skaftfellingabúð föstudag 13. febrúar kl. 20 Þátttökugjald kr. 500**

• **Myndakvöld í Skaftfellingabúð fimmtudag 26. febrúar kl. 20:00**

• **Skaftfellingamessa í Breiðholtiarkirkju sunnudag 15. mars kl. 14:00**

• **Vortónleikar og kaffiboð í Seltjarnarneskirkju sunnudag 10. maí kl. 14:00**

• **Söngfélagið í Skaftfellingabúð Söngæfingar öll þriðjudagskvöld kl. 20**

• **Aðalfundur 2009 fimmtudag 14. maí, kl. 20**

• **Hreinsun í Heiðmörk laugardag 16. maí, kl. 11**

• **Skálm Miðvikudaga kl. 19:30 Laugardaga kl. 11:00**

Þorrablót

Skaftfellingafélagsins verður haldið laugardaginn 24. janúar 2009 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178 og hefst með borðhaldi kl. 20 – húsið opnað kl. 19.

Veislustjórn annast Gunnar Þór Jónsson.

Helena Marta Stefánsdóttir syngur nokkur lög við undirleik Guðríðar Helgadóttur.

Jóhannes Kristjánsson fer með gamanmál.

Glæsilegt þorrahlaðborð að vanda.

Hljómsveitirnar

Eygló úr Öræfum og Væringjarnir frá Klaustri leika fyrir dansi að borðhaldi loknu.

Eygló samanstendur af þeim Stefáni og Jóni Bjarnasonum, Sigurgeiri Jónssyni, Ara Magnússyni, og síðar Þorláki Magnússyni sem voru upp á sitt besta á 8. áratugnum.

Þeir koma nú aftur saman eftir rúmlega 20 ára hlé.

Væringjarnir (áður Volvo) er skipuð þeim Valdimar Einarssyni, Jóni Geir Birgissyni, Hirti Frey Vigfússyni og Frosta Jónssyni. Þeir gerðu garðinn frægan á Klaustri á árunum 1987-1991 fyrir troðfullu húsi og ríffa nú upp gamla takta.

Miðapantanir til og með 22. janúar hjá Helga (899 4818) Hákonni (821 2115) Stefáni (822 8895)

Aðgangur kr. 4.000

Athugið að síðast varð uppselt

Heimasíða Skaftfellingafélagsins – <http://skaft.is>

Skaftfellingafélagið vill minna félagsmenn á heimasíðu félagsins, en vonir standa til að á henni verði fljótlega hægt að skiptast á skoðunum og fólk geti komið á framfæri hugmyndum um félagsstarfið. Þegar fram í sækir verður svo væntanlega hægt að spara útsendingu fréttabréfs í pósti.

Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á skaft@skaft.is

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur s. 863 2087.



Söngfélag Skaftfellinga

Nú eftir áramótin hefjast æfingar á ný af fullum krafti. Fyrsta söngæfing ársins 2009 verður þriðjudagskvöldið 13. janúar kl. 20 í Skaftfellingabúð.

Söngfélagið tekur þátt í Skaftfellingamessu í Breiðholtskirkju 15. mars næstkomandi samkvæmt venju og verður gaman að hitta söngfólk úr Austur-Skaftafellssýslu sem tók svo einstaklega vel á móti kórnum síðasta vor í söngferð til Hornafjarðar.

Helgina eftir páska er fyrirhugað söngferð vestur á Snæfellsnes.

Þá verða vortónleikar Söngfélagsins aðra helgina í maí, en nánar verður greint frá þeim í næsta fréttabréfi.

Nýir félagar eru ávallt velkomnir.

Formaður er

Sigurlína S. Kristjánsdóttir s. 862 6789

Skálm

Enn er skálmað um höfuðborgarsvæðið á miðvikudagskvöldum kl. 19:30 (70 mín) og á laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)

Miðvikudaga er gengið frá Lækjarási, Þjálfunarstofnun, Stjörnugróf 7 upp að Árbæjarlaug og til baka niður Rafstöðvarveg.

Laugardaga verður gengið frá Fella- og Hólakirkju austur að Elliðavatni og kringum það.

Að venju er fyrirhugað 2-4 daga sumarskálm og er nú tilvalið að slást í hópinn og styrkja ganglimina.

Nánari uppl. hjá Laugu í síma 891 7354

Vortónleikar og kaffiboð

Vortónleikar Söngfélagsins og kaffiboð Skaftfellingafélagsins verður haldið í Seltjarnarneskirkju **sunnudaginn 10. maí 2009, kl. 14** Nánar auglýst í næsta fréttabréfi.

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins verður haldinn í Skaftfellingabúð **fimmtudaginn 14. maí 2009, kl. 20** Venjuleg aðalfundarstörf.

Félagar hvattir til að fjölmenna.
Veitingar í boði félagsins að fundi loknum.
Stjórnin

Skaftfellingamessa

Árleg Skaftfellingamessa verður haldin í Breiðholtskirkju **sunnudaginn 15. mars 2009, kl. 14**

Prestar Breiðholtskirkju og úr Austur-Skaftafellssýslu sjá um helgihald. Söngfélagið ásamt félögum úr Samkór Hornafjarðar munu syngja við messuna undir stjórn Friðriks V. Stefánssonar og Kristínar Jóhannesdóttur


Að messu lokinni mun Söngfélag Skaftfellinga selja kaffiveitingar í safnaðarheimili kirkjunnar og syngja nokkur lög. Verð kr. 1.000, frítt fyrir 14 ára og yngri.

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2008-2009

| | | | |
|-------------------------|----------|----------|---------------------------|
| Skúli Oddsson, formaður | 587 1799 | 864 3415 | skuli.oddsson@umh.stjr.is |
| Ármann Ó Sigurðsson | 553 6156 | 660 2404 | armann@verktaki.is |
| Helgi Pálsson | 565 4818 | 899 4818 | hpfoss@simnet.is |
| Svavar M. Sigurjónsson | 564 0670 | 698 9053 | svavar@teknik.is |
| Stefán Bjarnason | 565 3919 | 822 8895 | stefan@seltjarnarnes.is |
| Varamenn | | | |
| Guðrún B Jónsdóttir | 587 3315 | 659 3315 | gulla@straumur.net |
| Jón Geir Birgisson | 567 5558 | 865 6604 | jongeirb@simnet.is |
| Jón Rafnsson | 551 2566 | 863 3177 | jrbbass@mmedia.is |

Þorablótshljómsveitirnar 2009

Gestasöngkonan Inga Ingimundar með hljómsveitinni Eygló. Þarna syngur hún með Þorláki Magnússyni sem seinna kom til liðs við hljómsveitina



Væringjarnir komu fyrst fram á flyglaballinu á Klaustri og þar með hófust vinsældirnar

Hljómsveitin Eygló

Ari, Stefán, Jón á nikkunni og Sigurgeir



Væringjar

Frosti, Jón Geir, Hjörtur og Valdi